



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður  
bt. bæjarstjórnar  
Stillholti 16-18  
300 Akranes

Akranesi, 28. ágúst 2015  
1508278 SPH/hs

### Tilkynning um afgreiðslu skipulags- og umhverfiráðs

Reglur um stöðuleyfi á lóðum.

Á fundi skipulags- og umhverfiráðs þann 20. ágúst s.l. var tillögu að reglum fyrir stöðuleyfi á lóðum.

#### Bókun ráðsins:

Skipulags- og umhverfiráð samþykkir fyrirbyggjandi reglur um stöðuleyfi og vísar þeim til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Virðingarfyllst,

Sigurður Páll Harðarson  
framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi: Samþykkt um umgengni og þrifnað á lóðum á Akranesi





## REGLUR UM STÖÐULEYFI

---

### 1. gr.

Gámar skulu vera staðsettir innan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætlum til geymslu gáma, sbr. 2.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

### 2. gr.

Allir sem eru með gáma, báta, torgsöluhús, frístundahús í smíðum, sem ætlað er til flutnings, og stór samkomutjöld skulu sækja um stöðuleyfi til skipulags- og byggingarfulltrúa ef framangreindir lausafjármunir eiga að standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem þeim er ætlað samkvæmt skipulagi, sbr. b. liður 2.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

### 3. gr.

Sé eiganda eða ábyrgðarmanni viðkomandi gáms eða annars lausafjármunar veitt stöðuleyfi eða viðkomandi hlutur staðsettur utan skipulags svæðis ætlað gámum eða öðrum lausafjármunum til skemmri tíma (skemur en tvo mánuði) skal staðsetja hann þannig að almenningi stafi ekki hætta af og ekki sé hætta á að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi hús. Ennfremur skal þess gætt að aðgengi slökkviliðs að aðliggjandi húsum sé ekki torvelað sbr. 3. mgr. 2.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

### 4. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að fjarlægja þá lausafjármuni sem getið er í 2. gr. og eru án stöðuleyfis. Eiganda eða ábyrgðarmanni skal veittur eðlilegur frestur til að fjarlægja þá, þó aldrei lengri frestur en einn mánuður, að öðrum kosti verður það gert á kostnað eiganda eða ábyrgðarmanns. Sama á við að breyttu breytanda ef handhafi stöðuleyfis uppfyllir ekki kröfur stöðuleyfis, sbr. 2.6.2. gr. reglugerðar nr. 112/2012 sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

### 5. gr.

Fyrirtæki sem eru í gámaflutningum, tilkynni skipulags- og byggingarfulltrúa, fjölda gáma sem ekki eiga að rukka vegna flutninga.

### 6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Akraness, var samþykkt \_\_\_\_\_ staðfestist hér með, með vísan til byggingarreglugerðar nr. 112/2012, með síðari breytingum, og 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, með síðari breytingum. Öðlast gildi við birtingu undirritunardag.

**Samþykktar í skipulags- og umhverfisráði þann 20. ágúst 2015.**

**Samþykktar í bæjarstjórn Akraness þann 8. september 2015.**

---

Regína Ásvaldsdóttir  
bæjarstjóri

